

Samband íslenskra sveitarfélaga

NÝ SVEITARSTJÓRNARLÖG


-

ÁHRIF Á FJÁRMÁL OG SAMSTARF
SVEITARFÉLAGA

21. MARS 2012


Samband íslenskra sveitarfélaga

Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs




ALMENNT UM LÖGIN

- Lögin eru ítarlegri en áður, 132 efnisgreinar í stað 105 áður.
- Miklar breytingar á nokkrum köflum, m.a. um fjármál, eftirlit, samvinnu og samráð við íbúa
- Óverulegar breytingar á flestum öðrum köflum
 - samt mörg atriði sem vert er að sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga kynni sér vel
 - endurskoða þarf samþykktir allra sveitarfélaga
 - setja þarf nýjar reglur eða stefnu um ýmis mál




ÁHERSLUR Í NÝJUM LÖGUM

- Ábyrgð og formfesta í ákvörðunum um fjármál
 - fjármálareglur, bindandi áhrif fjárhagsáætlana, álit óháðs aðila á meiriháttar skuldbindingum, samræmdar forsendur fjárhagsáætlana
 - virkara eftirlit með fjármálum og stjórnarsýslu, setning siðareglna
- Aukin áhersla á íbúalýðræði og jafnrétti og jafnræði innan sveitarstjórna
 - Heill kafli um íbúalýðræði í stað einnar greinar áður!
 - Kynjahlutföll í nefndum, 44.-45. gr.
 - Áheyrnarfulltrúar í byggðarráðum, 50. gr.
 - Upplýsingaréttur um samstarfsverkefni 94. og 96. gr.




AÐHALD Í FJÁRMÁLUM STÓRAUKIÐ

- Viðmið um hallalausán rekstur og skuldaviðmið
- Óháður aðili veiti álit skv. 66. gr. um meiriháttar skuldbindingar, þ.á m. ábyrgðir v. B-hluta
- Bindandi áhrif fjárhagsáætlunar, krafa um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun
- Fjárhagsáætlun 15. des og ársreikn. 15. maí
- Ársfjórðungsleg skil á fjárhagsupplýsingum
- Heimilt að ógilda samninga sem í veigamiklum atriðum fer í bága við ákvæði um fjármál
- Kostnaðarmat lögfest, 129. gr.



FJÁRMÁLAREGLUR 64. GR.


- Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.“
- Þessum markmiðum skal ná með hallalausum rekstri og að skuldir fari ekki yfir 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins.



BAKGRUNNUR FJÁRMÁLAREGLNA

- Samkomulag við fjármálaráðherra 2007
- Sambandið fékk AGS í lið með sér í des. 2008 og sérfræðinga frá Evrópuráðinu
- Krafa AGS gagnvart ríkinu er að efla fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga
- Áhugi sambandsins lengi legið fyrir
- Fjármál hins opinbera eiga að vera í samræmi við ákveðin mörk og viðmið við hagstjórn landsins







FJÁRMÁLAREGLA UM REKSTUR

Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta skulu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en samanlagðar reglulegar tekjur


Í þessu felst að svigrúm í fjárhagsáætlun næsta árs ræðst af rekstrarniðurstöðu fyrra árs og áætlaðri útkomu yfirstandandi árs



REKSTRARJAFNVÆGI ÁRIÐ 2010



Byggt á ársreikningum fyrir árið 2010




AUKIÐ AÐHALD MEÐ REKSTRI SVEITARFÉLAGA

Reglur um fjármál íslenskra sveitarfélaga voru mjög frjálslegar. 1. mgr. 61. gr. sveitarstjl. nr. 45/1998:

- *Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess*

Með nýju lögunum færumst við nær meðaltali í alþjóðlegum samanburði.


- Mikilvægt að ekki er verið að stökkva úr einum öfgum í aðrar.
- Sjálfbærni í rekstri og hófleg skuldastaða eru forsenda sjálfsforræðis sveitarfélaga



FJÁRMÁLAREGLA UM SKULDIR

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaga A- og B-hluta mega ekki vera hærri en 150% af reglulegum tekjum

Í reglugerð skal skilgreina nánar viðmið og heimilt er að undanþiggja tilgreindar skuldir og skuldbindingar




HVERS VEGNA 150% AF TEKJUM?

Byggir á viðmiðum eftirlitsnefndar um framlegðarviðmið.


Framlegð úr rekstri þarf helst að vera 15–20%

DÆMI:


- Tekjur 1.000 m.kr.
- Skuldir 1.500 m.kr. = 150%
- Ef lán er til 20 ára og vextir eru 5% er greiðslubyrðin á ári 150 m.kr.
- 15% framlegð er 150 m.kr. !!!




FRAMLEGÐARHLUTFÖLL SVEITARFÉLAGA




Byggt á ársreikningum fyrir árið 2010



SVEITARFÉLÖG MEÐ MESTAR HEILDARSKULDIR UMFRAM 150% AF TEKJUM






SVIGRÚM OG AÐLÖGUN AÐ FJÁRMÁLAREGLUM

- Skilgreining skuldbindinga:
 - sérstaða samninga við ríkið um hjúkrunarheimili og sambærilega starfsemi
 - meðferð lífeyrisskuldbindinga
 - tekið verði tillit til peningalegra eigna
- Aðlögunarfrestir fyrir illa stödd sveitarfélög
- Sérstök aðlögun vegna veitu- og orkufyrirtækja


Nánari kynning innan mjög skamms tíma



AÐLÖGUNARFERLIÐ?

- Getur kostað allt að 25% álag á útsvar og fasteignaskatta og enn frekari niðurskurð
- Endurskilgreining á verkefnum sveitarfélaga
- Hugsanlegur fjárstuðningur






ÁVINNINGUR FJÁRMÁLAREGLNA


- Stuðla að sjálfbærni starfseminnar og sameiginlegri hagstjórnarábyrgð
- Fjármálareglur fyrir sveitarfélög leggja skyldur bæði á ríki og sveitarfélög
- Þær eru fjárhagsleg vörn innbyrðis milli sveitarfélaga
- Skapa sóknarfæri gagnvart ríkinu
- Styrka varnarstöðu gagnvart ríkinu
- Geta viðhaldið sjálfstæði og aukið það






HEILDARNIÐURSTAÐA

- Almennt er fjárhagsstaða sveitarfélaga viðunandi
- Mörg sveitarfélög þurfa að bæta framlegð
- Flest sveitarfélög munu eiga auðvelt með að uppfylla skilyrði fjármálareglna og lánardrottinnar þurfa ekkert að óttast
- Innan við 10 sveitarfélög af 76 þurfa að taka mjög fast á vanda sínum og sum gera samninga við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
- Kröftugur hagvöxtur gæti hjálpað sveitarfélögum að laga fjárhagsstöðu sína verulega.




SAMSTARF SVEITARFÉLAGA Í L. 45/1998

- Nokkuð ítarleg ákvæði um byggðasamlög:
 - stofnun þeirra,
 - endurskoðun samþykkt
 - úrsögn og slit bs.
- Ákvæði um annað samstarf mjög fátækleg en val á samstarfsformi í raun alveg frjálst.
 - Dæmi – Jeratún ehf. um byggingu framhaldsskóla
 - Samstarf sveitarfélaga um þjónustu við fatlaða er í mjög mismunandi rekstrarformi
- Hlutverk landshlutasamtaka og starfssvæði nánast óskilgreind í lögnum.




IX. KAFLI LAGA NR. 138/2011

- Mun ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum.
- Greinarmunur í 93. gr. á:
 - verkefnum sem fela í sér framsal stjórnarsýsluvalds
 - öðrum verkefnum
- Nýmæli í 96. gr. um að sveitarfélag geti tekið að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög.
- Nýmæli í 100. gr. um samninga við einkaaðila og 101. gr. um skyldur einkaaðila sem annast verkefni fyrir hönd sveitarfélags.
- Aðlögunarfrestur til 15. október 2014.




BREYTINGAR Á REGLUM UM BYGGÐASAMLÖG

- Úrganga úr byggðasamlagi og slit bs. einfölduð umtalsvert
- Krafa um ítarlegri samstarfssamninga en áður
 - ekki lengur krafa um endurskoðun samþykktá á 10 ára fresti.
- Heimilt að ákveða að kjör til stjórnar bs. fari annaðhvort fram á aðalfundi eða á grundvelli tilnefninga sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga.
- Sveitarstjórnir og endurskoðendur eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um stjórnsýslu bs.




ÚRGANGA ÚR BYGGÐASAMLAGI

- Í stað allt að 20 ára innlausnartíma á eignarhlut er meginreglan að úrsagnar- og innlausnarfrestur sé 2 ár.
- Hægt er að semja um lengri úrsagnar- og innlausnartíma.
 - Ef ósætti rís má vísa máli til ráðuneytis, sem getur ákveðið að fresturinn verði allt að fimm ár.
- skilyrði er að mikilvægir samfélagslegir hagsmunir eða mikilvægir hagsmunir aðildarsveitarfélaga séu í húfi.




TENGLI VIÐ FJÁRMÁLAKAFLA LAGANNA

- 4. mgr. 94. gr.:
- “Tryggt skal að umboð stjórnar byggðasamlags til að skuldbinda aðildarsveitarfélög sé í samræmi við reglur laga þessara um fjármál sveitarfélaga, þ.m.t. bindandi gildi fjárhagsáætlunar næstkomandi árs.”
- 66. gr. Ef einstakar ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja og stofnana nema meira en 20% af árlegum skatttekjum þarf að gera mat á áhrifum skuldbindingar á fjárhag sveitarfélags.




FRAMSAL STJÓRNSÝSLUVALDS O.F.L.

- Samningar um framsal stjórnsýsluvalds verða að fá staðfestingu IRR, sbr. 93. gr.
 - Slíkt vald verður eingöngu falið byggðasamlagi eða öðru sveitarfélagi, sbr. 96. gr.
 - Heimilt skv. 132. gr. að víkja í tilraunaskyni frá ákvæðum kaflans
 - Stjórnsýslueftirlit ráðherra tekur einnig til byggðasamlaga, sbr. 109. gr.




LANDSHLUTASAMTÖK, 97. GR.

- Viðameira hlutverk en í gildandi lögum
 - Meginhlutverkið er hagsmunagæsla
 - Heimilt að fela þeim verkefni eða starfsemi sem tengist hlutverki þeirra.
 - Dæmi: Verkefni tengd byggðapróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga
- Skylda ráðuneyta og opinberra stofnana að hafa samráð við lhs. um málefni sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega
- Landshlutasamtök verði ekki fleiri en átta.



SAMSKIPTI VIÐ ÍBÚA, 102.-108. GR.

- Markmið að tryggja áhrif íbúa og möguleika á þátttöku í stjórn sveitarfélags og undirbúningi stefnumótunar
- Skylda til að upplýsa íbúa um áætlanir og mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið
- Nýmæli að skylt er að halda almenna atkvæðagreiðslu ef 20% kjósenda krefjast þess
 - Sveitarstjórn getur ákveðið hærra hlutfall (1/3)
- Skylt að halda borgarafund ef 10% krefjast



ALMENN ATKVÆÐAGREIÐSLA, 107. OG 108 GR.

- Sveitarstjórn ræður hvort niðurstaða er bindandi til loka kjörtímabils. Atkvæðagreiðslur binda ekki hendur sveitarstjórna sem síðar eru kosnar.
 - Sveitarstjórn ræður alltaf orðalagi spurningar sem borin er undir atkvæði og hvort atkvæðagreiðsla er bindandi til loka kjörtímabils
 - Ekki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um efni fjárhagsáætlunar, viðauka við fjárhagsáætlun, tekjustofna sveitarfélaga, eða önnur lögheimil gjöld, ráðningu í störf, launakjör eða tillögur sem ganga gegn lögum.
- Unnið að setningu reglugerðar í IRR.